

**Nd.**

**497. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 102 23. júní 1936, um landssmiðju.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

3. grein laganna orðist þannig:

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán, er landssmiðjan tekur, allt að 1000000.00 króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Í 3. gr. laga nr. 102/1936, um landssmiðju, eru ákvæði um, að ríkisstjórnin skuli afhenda landssmiðjunni lóð undir nauðsynleg mannvirki og þegar lóðin hafi verið afhent, skuli landssmiðjunni heimilt að hefja smíði þeirra verkstæða, er henni eru nauðsynleg. Þá er svo ákveðið í téðri lagagrein, að ríkisstjórninni sé heimilt að ábyrgjast lán, er landssmiðjan tekur til bygginga og vélkaupa, allt að 1000000 krónum.

Nú hefur landssmiðjan byggt stórt og fullkomið hús yfir starfsemi sína og keypt mikið af nýtzku vélum. Þessar framkvæmdir hafa kostað mikið fé, og hefur landssmiðjan orðið fram til þessa að sæta óhagkvæmum lánskörum. Til þess að bæta úr þessu er lagt til í frumvarpinu að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast allt að 1000000 króna lán fyrir landssmiðjuna í þeim tilgangi, að hún fái löng og vaxtalág lán.